



13. september 2021
Tilv.: 2107109

Dreifibréf númer: 48/2021
til fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um innleiðingu reglugerðar (ESB) varðandi beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlit) hefur gefið út umræðuskjal nr. 19/2021 sem inniheldur drög að reglum um innleiðingu reglugerðar (ESB) varðandi beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa. Um er að ræða reglur sem innleiða framselda framkvæmdarreglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 342/2014 frá 21. janúar 2014, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa. Reglugerðin er til fyllingar á tilskipun (ESB) 2002/87/EB (FICOD) sem innleidd var með lögum nr. 61/2017, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sem innleidd var með reglugerð nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. 117. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í reglugerðinni eru tilgreindar tæknilegar meginreglur og tæknilegar reikniáðferðir sem eru skráðar í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB að því er varðar valkosti við frádrátt sem um getur í 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í þeim tilgangi að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn og viðbótareiginfjárkröfur eins og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB.

Reglurnar verða settar með stoð í 3. mgr. 32. gr. laga nr. 61/2017, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, 84. gr. og a. lið 3. mgr. 117. gr. b. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 20. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyrir og váttryggingar